

Ed.

473. Breytingartillögur

[9. mál]

við frv. til l. um verkstjóranámskeið.

Frá Alfreð Gíslasyni lækni.

Á eftir 5. gr. komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:

1. (6. gr.) Hver sá, sem staðizt hefur verkstjórapróf, á rétt til að fá skírteini.
Um prófskírteini og frágang þeirra skal nánar ákveðið í reglugerð.
2. (7. gr.) Verkstjórar, sem lokið hafa prófi, og verkstjórar, sem starfandi eru, þegar lög þessi öðlast gildi, og starfað hafa þá sem verkstjórar a. m. k. 12 mánuði á síðustu þrem árum, ganga að öðru jöfnu fyrir um verkstjórn í sömu starfsgrein í opinberri vinnu.